

100 mál
minnisblað frá PHB

Sérnefnd:

Frá PHB

Alþingi

Erindi nr. P 121/1593

komudagur 17/4 1997

1. 8. gr. frumvarpsins:

d. liður 2. liðar b. liðar 1. mgr. orðist svo:

d. Áfallnar ógreiddar lífeyrisskuldbindingar, skuldbindingar vegna kjarasamninga og aðrar ábyrgðarskuldbindingar.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein:

Yfirlit skv. 2. tl. b. liðar 1. mgr. sundurliðist í samningsbundnar skuldbindingar, lögbundnar skuldbindingar og stjórnarskrárvarðar skuldbindingar. Fram komi mat á núvirði þeirra í árslok og mat á því, hvernig þær falla til ár fyrir ár.

2. 33. gr. frumvarpsins:

Í stað orðanna „greiða þarf“ í 1. mgr. komi „óhjákvæmilegt er að greiða“.

Í stað orðanna „grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum“ í 2. mgr. komi „alþingismönnum og alþingi grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum svo fljótt sem auðið er“.

Greinargerð:

1. Skerpt er á því að veigamestu ógreiddu skuldbindingar ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar hans, sérstaklega vegna almannatrygginga og skuldbindingar vegna kjarasamninga (uppsagnafrestur, biðlaun).

Lagt er til að skuldbindingar ríkissjóðs verði flokkaðar í:

- Samningsbundnar skuldbindingar t.d. vegna kjarasamninga við ríkisstarfsmanna, leigusamninga, verksamninga, þjónustusamninga, lánasamninga o.s.fr.
- Lögbundnar skuldbindingar t.d. lífeyri og bætur frá almannatryggingum, biðlaun, áframhaldandi ávinnsla réttinda ríkisstarfsmanna hjá lífeyrissjóði og framlög í sjóði.
- Stjórnarskrárvarin réttindi, sérstaklega eignarréttarlega, t.d. áunnin lífeyrisréttur.

Ennfremur er lagt til að metið verði hvernig þessar framtíðarskuldbindingar falla til ár fyrir ár að gefnum skynsamlegum forsendum og að fundið verði núvirði þeirra. Eðlilegt er í því sambandi að meta jafnframt skatttekjur ríkissjóðs og miða við t.d. íbúa í árslok.

2. Nokkurt agaleysi og lausung hefur einkennt ríkisfjármál undanfarna áratugi. Ríkisfyrirtæki hafa farið umtalsvert fram úr fjárlögum og fjárákalgöf hafa verið samþykkt, sem breyta fjárlögum gersamlega. Þessu þarf að breyta. Hér er lagt til að hert sé nýg á reglun um ófyrirséð útgjöld í samræmi við stjórnarskrána.

Ítrekað er að um „force mayor“ er að ræða, t.d. hernaðaráttök eða náttúruhamfarir, sem óhjákvæmilegt er að bregðast við enda er stjórnarskrárákvæðið um útgreiðslur úr ríkissjóði afdráttarlaust. Eðlilegt er að jafnan sé gert ráð fyrir ófyrirséðum smærri útgjöldum í fjárlögum þannig að einungis stærri útgjöld féllu undir þetta ákvæði. Því er jafnframt gert ráð fyrir að svo fljótt sem auðið er verði öllum alþingismönnum gert grein fyrir þessum útgjöldum hverjum um sig og að alþingi verði greint frá útgjöldunum án tafar. Þannig er undirstrikað að um algera undantekningu er að ræða.

Venjubundnar breytingar á fjárlögum, t.d. breytingar á kjarasamningum, á að gera með fjárákalgögum eftir atvikum. Þannig yrðu t.d. kjarasamningar ætíð undirritaðir með fyrirvara um samþykki alþingis á nauðsynlegum fjárákalgögum. Slíkt mundi auka allt aðhald með ríkisfjármálum.